

210. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 5. september 2023 og hófst hann kl. 15:15.

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2212095 - Flóttamenn - staða flóttafólks á Akranesi

Andrea Marta Knudsen, verkefnastjóri, kynnir stöðu verkefnis um samræmda móttöku flóttafólks.

Velferðar- og mannréttindaráð þakkar Andreu Mörtu Knudsen verkefnastjóra fyrir greinargóða kynningu.

2. 2302148 - Börn með fjölþættan vanda- Stýrihópur Mennta- og barnamálaráðherra

Skýrsla stýrihóps varðandi fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda var afhent mennta- og barnamálaráðherra þann 30.08 sl.

Hefur ráðherra verið falið það hlutverk að endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu í málaflöknum, með réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi.

Lagt fram til kynningar.

3. 2306042 - Gott að eldast - Samstarfsverkefni

Berglind Magnúsdóttir sérfræðingur hjá vinnumarkaðsráðuneytinu og ein af innleiðingaraðilum: Gott að eldast, hefur óskað eftir að Akraneskaupstaður, ásamt öðrum sveitarfélögum, verði í formlegu samstarfi við island.is að rýna framsetningu upplýsinga um heimaþjónustu og virkni eldra fólks og koma með tillögur að samræmdu orðalagi og uppsetningu á þjónustuframboði á vefsíðum sveitarfélaga.

Sviðsstjóri hefur falið Laufeyju Jónsdóttur forstöðumanni stuðnings- og stoðþjónustu að vera fulltrúi Akraneskaupstaðar í verkefninu.

Lagt fram til kynningar.

4. 2309020 - Mennta- og barnamálaráðuneyti - Framlag ríkisins 2023 vegna barna með fjölþættan vanda

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur áformað að veita framlag 2023 vegna hluta kostnaðar sveitarfélaga vegna vistunar barna með fjölþættan vanda utan heimilis.

Forsendur úthlutunar eru bundnar niðurstöðu sérfræðingateymis barna með

fjölpættan vanda, sbr. 20. gr. laga nr. 38/2018, með vísan til 21. gr. sömu laga.
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.